

Nd.

345. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

Aftan við síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Svæðið frá Reykjanestá til Garðskaga telst í þessu efni til Faxaflóa.

Greinargerð.

Vjelbátaúttegurinn frá veiðistöðvunum við innanverðan Faxaflóa stendur og fellur að mestu leyti með því, að fiskveiðar verði stundaðar frá Sandgerði, á tímabilinu frá áramótum til vetrarvertiðarloka. En þaðan sækja menn aflann á fiskimið, sem enginn ber brögður á, að sjeu í Faxaflóa, þó að staðurinn, þar sem aflinn kemur á land, sje aðeins sunnan við Garðskaga, sem talinn er nú takmarka flóann landfræðilega að sunnanverðu, samkvæmt nýföllnum hæstarjettardómi. Nú er það tilgangur útsvarsákvæðanna hjer að lútandi, að útvegsmenn úr öðrum hreppi, sem útsvar hera í sínu eigin sveitarfjelagi, skuli ekki útsvarsskyldir þar, sem útræðið er, ef þeir sækja á mið i sama firði eða flóa, sem hreppsfjelag þeirra sjálfra liggur að. Hjer er bersýnilega svo ástatt, en hin landfræðilegu takmörk flóans samkvæmt áðurnefndum dómi eru því til fyrirstöðu, að þessum tilgangi laganna verði náð hjer við Faxaflóa. Þessi viðauki við lögin, sem hjer er farið fram á, er því nauðsynlegur til þess að tryggja fult jafnrjetti í þessu efni.

Að öðru leyti getur ákvæðið einnig orðið mjög þýðingarmikið. Fátt væri það, sem orðið gæti öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna jafnmikil hagsbót og rýmkun landhelginnar. Má vænta þess, að einskis verði látið ófreistað af vorri hálfu til þess að fá því framgengt, að landhelgislinan verði færð út, sjerstaklega þó, að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði. En þá liggur það í augum uppi, hver munur væri á því að fá friðunarsvæðið ákveðið frá Öndverðunesi til Reykjanestár eða aðeins til Garðskaga.